



Reykjavíkurborg



Út í mó, inn í skóg

Skýrsla um þróunarverkefni í leikskólanum Furuskógi

Kolbrún Vigfúsdóttir

2015

Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR -----	3
2.	MARKMIÐ VERKEFNISINS -----	3
3.	LÝSING Á VERKEFNINU -----	4
4.	HUGMYNDAFRÆÐI VERKEFNISINS -----	9
5.	Skipulag umfang og framkvæmd verkefnisins -----	10
6.	SAMANTEKT -----	17
7.	MAT Á VERKEFNINU -----	19
8.	GREINARGERÐ UM NOTKUN STYRKJÁR -----	24
9.	KYNNING -----	24
10.	HEIMILDIR -----	25

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er fjalla um þróunarverkefnið *Út í mó, inn í skóg* sem unnið var í leikskólanum Furuskógi árin 2014-2015. Verkefnið var hugsað sem tilraun til að efla læsi allra barna í leikskólanum með því að tengja nám í læsi við nám í náttúrufræði með aðferðum umhverfismenntunar. Verkefnisstjóri var Kolbrún Vigfúsdóttir. Þátttakendur í verkefninu voru allir starfsmenn leikskólans en leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri stjórnuðu verkefninu ásamt verkefnisstjóra. Verkefnið var skipulagt út frá árstíðunum fjórum, vetri, sumri, vori og hausti og mismunandi áherslur tengdar hverri árstíð. Verkefnið var samþætt við daglegt starf á leikskólanum og fræðsla starfsmanna og undirbúningur var unninn á starfsdögum og deildarstjórafundum.

Árið 2011 voru tveir leikskólar í Fossvogi, Skógarborg og Furuborg, sameinaðir í einn leikskóla sem fékk nafnið Furuskógor. Stjórnendur sameinaðs leikskóla fóru ýmsar leiðir til að vinna að sameiningunni varðandi hugmyndafræði, starfsaðferðir og samstarf starfsfólks. Þróunarverkefnið *Út í mó, inn í skóg* var eitt af því sem gert var til að festa sameininguna í sessi. Leikskólarnir tveir höfðu starfað út frá mismunandi áherslum og viðfangsefni þróunarverkefnisins var meðal annars valið í þeim tilgangi að tengja saman þessar ólíku áherslur. Í verkefninu var lögð áhersla á að nýta nærumhverfi leikskólans og þá þekkingu og áhuga sem fyrir var í leikskólunum tveim fyrir sameiningu. Sú leið að tengja læsi í víðum skilningi við menntun í náttúrufræði og umhverfismennt var farin vegna þess að í öðru húsinu hafði verið unnið með umhverfismennt en í hinu húsinu var áhugi fyrir náttúrufræði, sérstaklega fuglum. Verkefninu lauk sumarið 2015 og niðurstöður mats sýna að vel hefur gengið að vinna samkvæmt þeim markmiðum sem sett voru og árangurinn er góður að mati stjórnenda og deildarstjóra. Aukin þekking er meðal starfsmanna um hvernig á að vinna með læsi og nýta útnám í þeim tilgangi og aukið lýðræði í vinnu með börnum. Þekking og þjálfun í að nýta skráningar sem matstæki hefur einnig aukist og samstarf starfsfólks í leikskólanum einnig. Mat þessara aðila er að þessi árangur komi til með að nýtast áfram í starfi leikskólans.

2. Markmið verkefnisins

Markmiðið með verkefninu *Út í mó, inn í skóg* var að efla alhliða læsi barna og nýta til þess þær aðferðir sem notaðar eru í útinámi. Auk þess var markmið verkefnisins að auka færni starfsmanna í að nýta aðferðir og möguleika útináms til þess að auka lýðræði í starfi með börnum og efla samstöðu og samvinnu starfsfólks. Markmiðið var einnig að tengja þróunarverkefnið við gerð nýrrar skólanámskrár og samræma hugmyndafræði og starfsaðferðir á báðum starfsstöðvum leikskólans.

3. Lýsing á verkefninu

Leikskólinn Furuskógor er sex deilda leikskóli með tvær starfsstöðvar sem standa við Áland og Efstaland í Fossvogi. Fjarlægð milli húsa leikskólans er um tveir kílómetrar. Í leikskólanum starfa samtals 30 starfsmenn og 123 börn á aldrinum 18 mánaða til sex ára. Í hvorri starfsstöð eru yngsta, mið og elsta deild. Haustið 2013 ákváðu stjórnendur Furuskógar að sækja um styrk í þróunarsjóð leikskóla á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til að þróa aðferðir við að efla læsi með starfsaðferðum útináms. Í leikskólanum var unnið að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir sameinaðan leikskóla þar sem reynt var að tvinna saman sterkustu þættina í starfi leikskólanna tveggja; útinám og náttúrufræði. Í báðum húsum hafði auk þess eitthvað verið unnið með könnunaraðferðina, þó mis mikið eftir deildum.

Ætlunin með verkefninu var að þróa starfsaðferðir fyrir sameinaðan leikskóla og vinna að því að sameiginleg hugmyndafræði og starfsaðferðir nýrrar skólanámskrár og læsisstefnu festust í sessi í starfsmannahópnum. Auk þess var lögð áhersla á að a auka samvinnu milli húsa leikskólans og auka lýðræði í vinnu með börnum.

Leikskólinn er staðsettur í umhverfi sem býður upp á mörg tækifæri til umhverfis- og náttúrufræðivinnu, mikill gróður er í næsta nágrenni, fjölbreytt fuglalíf og gott útvistarsvæði; skógur, móar, grasflatir, fjara og lækur.

Í verkefninu var gengið út frá þeim áherslum sem fram koma í aðalnámskrá leikskóla um læsi, þ.e. að læsi snúist ekki eingöngu um að lesa og skilja skrifaðan texta heldur feli það í sér margskonar aðra færni og þekkingu, s.s að lesa í umhverfið, tjá upplifanir, tilfinningar og skoðanir.¹

¹ Aðalnámskrá leikskóla. 2011.

Í vinnu með ritmáls- og talnalæsi voru eftirtaldir þættir hafðir í huga:

- gera bókstafi og tölustafi vel sýnilega og aðgengilega fyrir börnin
- börnin læri nöfn á bókstöfum og æfi sig í að tengja við eigin nöfn, fuglanöfn, hluti o.fl.
- börnin læri tölustafina og æfi talnagildi með þátttöku í sameiginlegum verkefnum
- vinna með orðaforða, málskilning og hljóðkerfisvitund í samverustundum, samstarfsverkefnum, sögugerð, bréfaskriftum o.fl.



Stafir úr könglum



Stafir úr leir



Saumaðir stafir

Bókstafi er hægt að vinna með úti og inni og nota mismunandi efni.

Í vinnu með umhverfislæsi voru eftirtaldir þættir hafðir í huga:

- allar deildir eigi sitt heimasvæði til útináms þar sem börnin fái tækifæri til að lesa í umhverfið, sjá hvernig það breytist milli árstíða, hvað er að finna á heimasvæðinu hverju sinni og fjarlægja það sem ekki á heima þar
- börn og starfsmenn fylgist með fuglum og atferli þeirra út frá árstíðum
- börnin fái að snerta og rannsaka hluti í náttúrunni
- áhersla á að börnin fái að upplifa og njóta umhverfisins út frá eigin forsendum og áhuga
- hvetja börnin til að bera umhyggju fyrir umhverfinu, náttúrulegu og manngerðu, t.d. með því að fjarlægja það sem ekki á að vera í náttúrunni og fræðast um hvað spillir náttúru



Það er gott að hjálpast að



Þetta er dálítill vandi

Í útinámi gerist margt spennandi og reynir á krafta og þor.



Rusl -rusl -rusl

Í vinnu með tilfinninggalæsi voru eftirtaldir þættir hafðir í huga:

- veita börnum tækifæri til að bera umhyggju fyrir dýrum og gróðri í umhverfinu, gefa fuglum yfir veturinn, ganga vel um gróður
- börnin fái tækifæri til að deila persónulegri reynslu sinni og sameiginlegri reynslu af útináminu og öðrum upplifunum í samverustundum og samvinnuverkefnum.



Á heimasvæðinu er margt að skoða



Fuglarnir biggja glaðir gjafir barnanna

Í vinnu með félagslegt læsi voru eftirtaldir þættir hafðir í huga:

- vinna sameiginlega að stærri verkefnum þar sem allir hjálpast að til að verkefnið verði sameign hópsins
- hlusta á hugmyndir barnanna, ræða saman um þær, gefa þeim tækifæri til að velja út frá eigin áhuga og rökstyðja val sitt



Þetta verkefni var unnið á yngstu deild

4. Hugmyndafræði verkefnisins

Stjórnendur og starfsmenn í Furuskógi vinna í anda hugmyndafræði John Dewey. Megináherslan er lögð á hugmyndir hans um að börn skilji samhengi hluta á forsendum reynslunnar og að raunverulegir hlutir og snerting við þá sé besta leiðin til að skilja og fræðast.² Starfsmannahópurinn hefur unnið að því að kynna sér betur hugmyndafræði Dewey, hlustað á fyrirlestra, lesið og unnið í samræðuhópum. Ákveðið var að taka þennan þátt inn í þróunarverkefnið með því að leggja aukna áherslu á að hlusta á börnin, hugmyndir þeirra og tilfinningar og nýta þær við skipulag og framkvæmd verkefnisins og annars starfs í leikskólanum. Útinám var fastur liður í starfi annars leikskólans fyrir sameiningu og höfðu starfsmenn þar sótt fræðslu til Helenu Óladóttur í Náttúruskólanum. Til að þessar aðferðir festust í sessi í báðum húsum fengu allir starfsmenn fræðslu um þetta efni og reyndari kennrarar leiðbeindu þeim sem minna höfðu komið að útinámi. Norðmaðurinn Arne N. Jordet hefur gert rannsóknir á starfsemi útiskóla í norskum skólam. Skilgreining hans á útinámi er að það snúist um að fara út í nærumhverfi skólans og nota það sem kennsluumhverfi. Börnin taka með sér upplifun og reynslu frá umhverfinu inn í kennslustofuna til að vinna úr því þar.



Börnin heimsækja þekkingarlindirnar, þau fara í skógin til að læra um skóg og skoða maura til að læra um maura. Börnin nýta það sem umhverfið hefur upp á að bjóða, taka þekkinguna með sér inn í skólann og halda þar áfram að rannsaka, t.d. með því að kynna sér efnið af bókum, ræða saman og vinna úr með því að skrifa og leika leikrit. Með útinámi gefst tækifæri fyrir þriggja

þrepa námsferli sem samanstendur af undirbúningi, verkefni og úrvinnslu. Starfsaðferðir útiskólans gefa nemendum tækifæri til að nýta öll skilningarvit þannig að þeir öðlist beina reynslu í raunverulegum aðstæðum. Nemendur geta notað hugmyndaflugið og forvitnina, tjáð sig óhindrað og upplifað gleði í félagslegum samskiptum. Útiskóli snýst um að virkja öll námssviðin í samþættri kennslu.³

Áður en við leggjum af stað setjum við okkur markmið um hvað við ætlum að fara að skoða og gera. Stundum ákveður starfsfólk ið verkefnin en oftar þó börnin og þá er það meirihlutinn sem ræður. Við þurfum að taka ýmislegt með í útinámið, s.s. stækkunargler, eitthvað til að gefa fuglunum og við höfum fernur um hálsinn ef við ætlum að safna eitthverju. Einnig er oft haft með smá nesti í bakpokanum sem börnunum þykir ekki amalegt að fá þegar sest er niður til að spjalla um verkefnið eða gönguferðina. Allar ferðir eru skipulagðar eins; undirbúningur, verkefni, úrvinnsla. Lýsing deildarstjóra á útinámi

² Skólanámskrá Furuskógar.

³ Jordet, Arne N. 2003.

Á mið- og elstu deildum leikskólans var unnið með könnunaraðferðina áður en verkefnið hófst og þeirri vinu haldið áfram í tengslum við verkefnið. Aðferðin gengur út á að rannsaka viðfangsefnið ítarlega í samræmi við hugmyndir Dewey um merkingarbæra reynslu. Á fyrsta stigi er valið viðfangsefni, á öðru stigi hefst rannsóknarvinnan og þriðja stig er einskonar úrvinnsla þar sem skoðað er og metið hvað hefur átt sér stað í ferlinu, hvaða nám hefur farið fram. Þriggja þrepa námsferill gengur út frá sömu forsendum, samkvæmt Jordet, þ.e. undirbúningur, verkefni og úrvinnsla. „Okkur finnst könnunaraðferðin góð þar sem börnin fá að koma með sínar hugmyndir og þær eru settar á blað fyrir framan þau og það eflir þau í læsi. Svo bætist alltaf við þekkingu þeirra eftir því sem þau læra meira við lestur bóka, heimsóknir á söfn og útikennslu“, sagði einn deildarstjórinn.

Hugmyndin um að vinna með læsi í þróunarverkefninu varð til út frá umræðu í samfélaginu um nauðsyn þess að bæta læsi barna og á grunni nýútkominnar læsisstefnu skóla- og frístundasviðs. Vinna með á læsi í víðum skilningi er leið sem hentað getur öllum börnum í leikskóla. Í læsisstefnunni *Lesið í leik* segir:

Margar rannsóknir á námi barna leggja áherslu á að besti árangurinn náist þegar kennarinn hefur barnið í brennidepli og nýtir áhuga þess, reynslu og bakgrunn sem upphafsreit í náminu. Til þess að þetta sé mögulegt þurfa kennrar að fylgjast með og kynnast barninu og nota þær upplýsingar til þess að ákveða hvað sé æskilegt næsta skref í námi þeirra.⁴

5. Skipulag umfang og framkvæmd verkefnisins

Í umsókn um styrk fyrir þróunarverkefninu var gert ráð fyrir að verkefnið stæði yfir í eitt ár. Skipulag þess tæki mið af árstíðunum fjórum, vetri, sumri, vori og hausti og mismunandi áherslur yrðu tengdar hverri árstíð.

Ætlunin var að fara af stað með verkefnið um áramót en þar sem styrkur til verefnisins barst þegar nokkuð var liðið á veturinn 2014 tóku stjórnendur og verkefnisstjóri ákvörðun um að nýta tímann sem eftir var af vetrinum og vorið til að undirbúa vinnu við verkefnið og hefja það að hausti 2014. Gengið var út frá að þróunarverkefnið væri hluti af daglegu starfi leikskólans. Rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun var að með því væri ekki verið að auka álag á starfsfólk og með því að taka verkefnið inn í daglegt starf væri líklegra að allir starfsmenn tileinkuðu sér sömu vinnubrögð og hugmyndir sem tengjast vinnu við nýja skólanámskrá.



Petta er spýta

⁴ Lesið í leik. 2013,

Fræðsla fyrir starfsmenn var skipulögð á starfsdögum leikskólans og leitað var til sérfræðinga á skrifstofu skóla- og frístundasviðs, auk eins utanaðkomandi fyrirlesara. Á starfsdögum var skipulögð hópavinna og samræður starfsmanna í tengslum við verkefnið. Samvinna milli húsa byggðist á samvinnu deilda út frá aldri barna og sameiginlegum fræðslufundum. Starfsmenn yngstu deilda í báðum húsum unnu saman, miðdeilda og elstu deilda. Verkefnisstjóri hitti starfsfólk á skipulagsdögum og deildarstjóra ýmist alla saman eða út frá aldurskiptingu deilda. Verkefnisstjóri fór í útinám með öllum deildum tvisvar á tímabilinu, tók niður nótur og myndaði vinnuna með börnunum. Deildarstjórar fengu síðan umsögn og athugasemdir frá verkefnisstjóra eftir hverja ferð.

Einnig ræddi verkefnisstjóri einstök atriði við deildarstjóra og starfsmenn. Fyrir hverja deild var gerð áætlun um útfærslu þróunarverkefnisins.



Áætlunum var skipt í annir, verkefni skipulögð mánuð fyrir mánuð og gerð grein fyrir hvaða aðferðum ætti að beita við mat á verkefninu. Hver deild hafði val um hvernig útfærslan ætti að vera, m.a. út frá þeim mannauði sem var til staðar á hverri deild, en grunnáherslurnar voru þær sömu. Einnig voru áherslur mismunandi á elstu og yngstu

Stundum er gott að hvíla sig deildum. Reynt var að finna flöt á samvinnu milli húsa á þann hátt að deildir með sama aldur barna hefðu samráð og samvinnu. Deildirnar kynntu hugmyndir sínar og aðferðir fyrir öllum hópnum á starfsdegi í þeim tilgangi að auka þekkingu og byggja upp lifandi lærdómssamfélag í leikskólanum. Verkefnisstjóri hélt þrjá fundi með deildarstjórum til að fara yfir áætlanir þeirra. Á fundum með verkefnisstjóra voru deildarstjórar úr báðum húsum sem unnu með sama aldur.

Ákveðnir þættir sem tengdust þróunarverkefninu voru sameiginlegir öllum deildum. Allar deildir völdu sinn heimastað til útináms. Staðirnir fengu sérstök nöfn s.s. leynistaður og ævintýraskógr. Yngstu börnin fóru alltaf í útinám á sinn heimastað en eldri deildir fóru auk þess í lengri og styttri vettvangsferðir til að kynnast umhverfinu og til að skoða fleiri fugla.

Allar deildir áttu fastan útinámsdag og var reynt að halda þeirri reglu hvernig sem viðraði. Yngri deildir hófu ekki skipulagt útinám fyrr en á vorönn 2015 þar sem yngstu börnin voru að aðlagast leikskólastarfinu á haustönninni. Allar

deildir unnu samkvæmt hugmyndum um þriggja þrepa námsferil. Alltaf var kynnt fyrir börnunum hvert þau væru að fara og hvað ætti að gera þar áður en lagt var af stað í útinám.

Á heimastaðnum fóru börnin í verkefni sem voru fyrirfram ákveðin eða sjálfsprottin á staðnum og þegar heim var komið var unnið úr ferðinni. Úrvinnsla var með ýmsu móti, s.s. umræða og upprifjun á ferðinni, umræða um fugla, margskonar skapandi starf, ýmist einstaklingslega eða í hópi.



Yngstu börnin búa til Laup

Á öllum deildum var lögð áhersla á að gera ritmál sýnilegt. Bókstafir og tölustafir voru settir á veggi í sjónhæð barnanna, nöfn barna á yngstu deild voru pöruð við stafina og á eldri deildum voru fuglanöfn, heiti á hlutum og persónum pöruð við stafina og leikið á mismunandi hátt með stafi. Tölustafir voru meðal annars notaðir til að telja fjölda fugla sem eiga sama staf.



Stórir bókstafir i sjónhæð barnanna

Allar deildir lögðu áherslu á að auka lýðræði í starfi með börnunum með því að spyrja þau um þeirra vilja og skoðanir og hlusta betur á hugmyndir þeirra og því breyttist oft sú áætlun sem lagt var af stað með í upphafi útinámsferða.



Lýðræðislegar kosningar

Allar deildir unnu með mat barnanna á starfinu og voru þar farnar mismunandi leiðir, t.d. viðtöl, spurningar og á yngstu deildum einskonar kosningar þar sem börnin bentu á eða nefndu það sem þau vildu eða fannst skemmtilegast. Á öllum deildum var unnið með sameiginleg verkefni í listsköpun.

Könnunaraðferðin var notuð á eldri deildum, ýmist til að undirbúa ferð í útinámi eða vinna úr ferðum. Yngri deildir útfærðu könnunaraðferðina á einfaldari hátt með því að gera einn vef um eitt ákveðið efni. Í upphafi vinnunnar við þróunarverkefnið veltu starfsmenn fyrir sér hvernig vinna mætti með læsi og á hvaða læsi þeir vildu leggja áherslu.



Vefur unnin á yngstu deild


Á yngstu deildunum var lögð áhersla á að velja einföld verkefni sem gætu þróast áfram. Unnið var með einfalda þætti eins og að þekkja stafinn sinn, fara yfir sömu hluti í útinámsferðum og vinna saman úr reynslunni. Önnur yngsta deildin valdi að vinna með einn fugl sem börnin völdu en á hinni var unnið með þrjá fugla sem börnin völdu. Á yngstu deildum var einnig lögð áhersla á að skrá hvaða læsi börnin væru að tileinka sér.



Svanur eða Álf, einn fugl – tvö nöfn

Á miðdeildum var unnið með verkefni sem hæfðu aldri og áhuga barnanna. Bókstafir voru gerðir vel sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Börnin lærðu að þekkja sinn staf og einnig staf foreldra sinna. Einnig voru hlutir á deildinni merktir með nafni. Lögð var áhersla á að taka ekki of marga þætti fyrir í einu og leyfa börnunum frekar að rannsaka og skoða málin frá öllum hliðum. Má þar nefna umhverfislæsið, þar sem fylgst var með árstíðum, ýmist á heimasvæðinu, út um gluggann eða með því að skoða myndir. Einföld fræðsla um fugla, líf þeirra og atferli var einnig hluti af vinnu deildanna, ýmist úti í náttúrunni eða með því að skoða og lesa bækur. Starfsmenn notuðu skráningar til að fylgjast með framförum barnanna.

Á elstu deildunum var áherslan lögð á bóklæsi og var unni með það á ýmsan hátt. Börnin skrifuðu alla bókstafina, bæði stóra og litla stafi, og festu á vegg. Síðan pöruðu þau þá fugla sem þau þekktu við bókstafina og reiknuðu saman fjöld þeirra fugla sem áttu sama bókstafinn.



Hvaða staf á fuglinn

Sameiginleg umhverfisverkefni voru líka unnin á elstu deildunum þar sem umhverfi leikskólans var rannsakað.



Hverfið okkar



Börnin skrifuðu bréf heima og lásu þau upp í leikskólanum

Á annarri eldri deildinni var settur upp póstkassi sem börnin notuðu til að setja í bréf sem þau skrifuðu heima með hjálp foreldra sinna. Bréfin voru síðan lesin upp í samverustundum. Börnin fengu mikinn áhuga á fuglum og söfnuðu áhugaverðum fréttum og myndum úr dagblöðum af fuglum og komu með í leikskólann þar sem efnið var hengt upp á töflu.



Fuglar eru allskonar

Boðið var upp á fræðslu fyrir starfsfólk á starfsdögum leikskólans, m.a. í formi fyrirlestra.

- Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri í fjölmenningu, og Helena Óladóttir, verkefnastjóri Náttúruskólans, héldu námskeið haustið 2014 þar sem fléttað var saman aðferðum við málörvun og útinám. Sérstök áhersla var á málörvun barna með annað móðurmál en íslensku.
- Kristín Hildur Ólafsdóttir hélt two fræðslufundi um uppedislegar skráningar og mat á leikskólastarfi.
- Gunnar E. Finnbogason kom á starfsdag og fræddi starfsfólk um John Dewey og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Starfsfólk kynnti sér hugmyndafræði Dewey með lestri og umræðum og valdi slagorð úr texta hans til að festa á veggí leikskólans.
- Snorri Sigurðsson, sérfræðingur á umhverfis- og skipulagssviði, talaði um lifandi borg og fór með starfsfólk í göngutúr um Fossvogsdalinn með viðkomu á heimasvæðum hvarrar deildar og benti á ýmis tækifæri varðandi fuglaskoðun og fræðslu um náttúruna.
- Kolbrún Vigfúsdóttir ræddi við starfsfólk um gildi og framkvæmd þróunarverkefna og kynnti matslistann *Einn leikskóli - mörg tungumál* sem nýta má við mat á málþoku barna með annað móðurmál en íslensku.
- Nokkrir starfsmenn leikskólans kynntu sér aðferðir við læsiskennslu í Hafnarfirði og kynntu fyrir öllum starfsmannahópnum.


6. Samantekt

Í mati deildarstjóra og stjórnenda á þróunarverkefninu kom fram að það var góð tilbreyting inn í starfið. Að þeirra mati er mikilvægt fyrir leikskóla að vinna að þróunarverkefnum öðru hvoru þar sem það er fræðandi og skemmtilegt að taka þátt í slíkri vinnu og stuðlar að framförum innan leikskólans. Að mati sömu aðila höfðu markmiðin sem sett voru í upphafi vinnunnar náðst að stórum hluta.

Áhugi á vinnu með læsi jókst og einnig bætti starfsfólk á öllum deildum leikskólans við þekkingu sína á þessu sviði. Byggst hefur upp stígandi í lestrarnámi í leikskólanum þar sem yngstu deildirnar leggja grunninn með einföldum verkefnum, s.s. að þekkja stafinn sinn og vinna einföld verkefni á útinámsvæði en elstu deildirnar æfa lestur og skrift bæði utan- og innanhúss.

Áhersla á aukið lýðræði með börnum um jókst verulega í tengslum við þróunarverkefnið. Deildarstjórar sögðust telja að betur væri hlustað á börnin og meira tillit tekið til vilja þeirra og hugmynda og að börnin hefðu meira frelsi til að velja sér verkefni út frá eigin áhuga. Á öllum deildum tóku börnin þátt í mati á starfinu. Mismunandi var hvaða leiðir voru farnar að því. Mat barnanna á starfinu er þáttur í að auka lýðræði í starfi með börnum og er mikilvægur þáttur í því að samræma starfsaðferðir leikskólans.

Með því að vinna saman að skipulagi verkefnisins, ýmist allur starfsmannahópurinn eða einstaka deildir saman, hefur samvinna milli húsa festst í sessi. Miklu máli skipti, að mati deildarstjóra, að geta skipst á skoðunum og hugmyndum, ekki síst milli deilda með sama aldur barna. Allir unnu út frá sama markmiði en gátu valið sér leiðir út frá áhuga barna og starfsmanna og þeirri þekkingu og færni sem fyrir var á deildinni. Sameiginlegur skilningur á hugmyndafræði og starfsaðferðum hefur þróast í leikskólanum í kjölfarið á fræðslu og samræðu starfsfólksins.



Verkefni unnið á yngstu deild



Það er gaman að byggja hús

Dæmi um það eru starfsaðferðir eins og að hver deild eigi sitt heimasvæði sem heimsótt er reglulega og allar deildir nota sömu aðferð varðandi útinámið, undirbúning fyrir ferðina, vinnu á svæðinu og úrvinnslu þegar heim er komið. Í verkefninu var gert ráð fyrir að auka þátt skráninga við mat á starfinu. Í þeim tilgangi var boðið upp á fræðslu fyrir allt starfsfólk. Vinna við skráningar, sérstaklega myndrænar, hefur í framhaldi af því aukist í leikskólanum og orðið markvissari í tengslum við útinámið. Deildarstjórar eru ánægðir með þann árangur og ætla að nýta reynsluna sem fengist hefur til að skrá betur allt starfið í leikskólanum.

Við framkvæmd þróunarverkefnisins var lögð áhersla á að það félli inn í daglegt starf leikskólans. Í mati kom fram að það tókst ágætlega og almennt töldu viðmælendur að sú þekking og reynsla sem áunnist hefur með verkefninu muni skila sér áfram í nýjum verkefnum sem leikskólinn vinnur að.

7. Mat á verkefninu

Í styrkumsókn kom fram að mat á verkefninu yrði unnið með skráningum og að starfsfólk fengi fræðslu og þjálfun í að meta vinnu sína með skráningum. Framfarir barna með annað móðurmál en íslensku yrðu kannaðar, sem og framfarir barna í skilningi á þeim hugtökum sem tengjast verkefninu mest. Niðurstöður mats á verkefninu sem hér eru settar fram byggja á skráningum starfsmanna, viðtölum verkefnisstjóra við deildarstjóra, leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og börn. Verkefnisstjóri tók viðtöl við átta börn, þar af tvö sem eiga annað móðurmál en íslensku. Einnig voru myndbönd og vettvangsskoðun verkefnisstjóra hluti af mati á verkefninu.

Með þessu verkefni urðum við meðvitaðri um læsi og áttuðum okkur meira á hvernig við gátum unnið með það, í mismunandi mynd; bókstafalæsi, náttúrulæsi, stærðfræðilæsi. Einnig var lögð áhersla á lýðræði og teljum við okkur hafa bætt þann þátt á deildinni, t.d. með því að leyfa börnunum að endurmeta starfið. Notast hefur verið við regluna „meirihlutinn ræður“ og hlustað á skoðanir þeirra.

Úr mati deildarstjóra

Í mati stjórnenda og deildarstjóra kom fram að þeir telja miklar framfarir hafa orðið í vinnu með læsi. Bókstafir voru gerðir mun sýnilegri á öllum deildum og börnunum gefin fleiri tækifæri til að leika með þá og tengja nöfn og hluti við stafina. Vinna með umhverfislæsi hefur aukist í sameinuðum leikskóla með samræmdum aðferðum við útinám.



Tveir jafn þungir steinar



Eitthvað grænt

Útinám er orðinn fastur liður í starfi allra deilda og er það mat deildarstjóra að almennt gangi það vel en skoða þurfi hvernig hægt er að virkja betur alla starfsmenn til þátttöku í því.

Börnin eru áhugasöm og ánæggð með útinámið og geta auðveldlega útskýrt hvað þau eru að gera í því: „Við göngum og fáum okkur epli að borða. Við leikum okkur og finnum hluti og fugla. Við gerum - förum í verkefni – við erum að leita að hlutum, einhverju grænu og finna jafnþunga steina. Svo við lærum um náttúruna og að það er fullt af einhverju dóti í skóginum sem á ekki að vera þar, t.d. sígarettur og svona plastpoki. Plastpoki eyðist en ekki frauðplast – plast er voða lengi að eyðast í náttúrunni og það tekur 10-12 ár að eyðast sígarettustubbar.“

Börnin þekkja líka orðið marga fugla: „Skógarþróst, smyril, jaðrakan, aldrei séð hann en vitum hvernig hann er á mynd. Þekkjum líka krumma, auðnutittling, súlu.



Farfuglar eru ekki alltaf hér, eru í útlöndum. Lóa fer til útlanda og silkitoppa flækist stundum til Íslands, hún er flækingur.“ Þau vita



líka hvað fuglarnir borða: „Grein, laufblöð, orma, unga – krummi borðar unga, við gefum þeir epli og brauð á veturna“. Þau þekkja líka nöfn á trjám í umhverfinu: „Grenitré, birkitré og ösp og pálmatré – þau eru í útlöndum og ég hef séð pálmatré á veitingastað.“

Verk barnanna eru nú miklu sýnilegri en áður, bæði hópaverkefni og einstaklingsverkefni, en það er þáttur í vinnu með félagslegt læsi.



Stóra náttúrumálverkið unnið á yngstu deild

„Já, einu sinni fórum við í stafrófaleik og við fann hreiður og hann fann fuglinn sem

var dáinn og við krossuðum yfir hann. Við fundum skógarþróst sem var fastur, já og svo fundum við hinn og við björguðum báðum, bróðir og systir. Við bjuggum til hreiður fyrir þá í hreiðrinu. Þeir þurfa að finna aðra mömmu. Eða það kemur bara stóri bróðir og bjargar þeir. Ég held að þau áttu hreiður hérna í garðinum. Fyrsti fuglinn var fastur og hinn var líka fastur, þeir voru ungar.“

Ýmsar uppákomur, s.s. dauður fugl á heimasvæði og ungar sem detta úr hreiðri, efla tilfinningalæsi barnanna þar sem þau geta tengt þetta við sig sjálf. Í samtali við verkefnisstjóra lýstu börnin reynslu sinni:

Verkefnisstjóri ræddi við tvö börn sem eiga annað móðurmál en íslensku og virtust þau hafa tileinkað sér ákveðna hluti í útináminu þó þau skorti stundum orð og skildu ekki alltaf hugtökin sem verkefnisstjóri notaði. Börnin töluðu um að gaman væri í útinámi og gátu sagt frá reynslu sinni í viðtali við verkefnastjórann: „Hefur þú séð hreiður – fuglshreiður?“ „Já það er bara svona lóuhreiður, það er bara svona ungar og egg.“ „Hver gefur ungunum að borða?“ „Mamman og pabbinn - við gefa epli og svoleiðis og brauð og svoleiðis.“



Rusl

„En þegar maður finnur rusl, hvað gerir maður við það?“ „Setja það í ruslatunnuna af því að annars verður skítugur.“


Meiri kröfur eru nú gerðar til yngstu barnanna en áður var, að mati deildarstjóra á yngstu deild: „Fyrstu árin þegar ég var með yngstu börnunum gerði ég eiginlega engar kröfur en þegar við vorum komin í þróunarverkefnið þá fór ég að gera miklu meiri kröfur. Þau geta meira en við höldum.“ Deildarstjórar voru ánægðir með aukna samvinnu við foreldra í tengslum við þróunarverkefnið. Á elstu deild gerðu börnin póstkassa þar sem þau settu bréf og úrkippur úr blöðum. Þau skoðuðu dagblöð heima og klipptu út áhugaverðar fréttir, sérstaklega af fuglum, og skrifuðu bréf með hjálp foreldranna. Deildarstjóri á elstu deild sagði að áhrifa verkefnisins gætti ennþá mikið: „Börnin eru enn að koma með í póstkassann. Ein sem kom með úrkippu um rottufaraldur sem herjar á hrísgjónaakur í Kambódíu sagði, „Ég er að æfa mig í að skrifa rottu heima. Hvernig skrifum við rottu? rrr ooo ttt a.“ Annar deildarstjóri sagði: „Það var mikilvægt að fá foreldrana í lið með okkur, vinna með börnunum heima, skoða stafi og finna myndir og orð sem þau límdu svo í leikskólanum á þann staf sem orðið byrjaði á.“

Mikið var unnið með nöfn á fuglum og ýmsu sem tengist lífi þeirra. Á elstu deild var sú regla að þegar börnin fóru inn á heimasvæðið sitt þurftu þau að segja aðgangsorð og það þurfti að vera nafn á fugli. Merkt var við hvaða fuglanöfn börnin nefndu og þurfti á tímabilinu stöðugt að bæta við nýjum nöfnum á listann. Ennþá eru börnin að leita að nýjum fuglum, sérstaklega nöfnum sem byrja á stöfum sem fáir fuglar hafa verið paraðir við.



Núna eftir sumarfríið kom barn sem hafði farið til útlanda með nafnið strútur. Það hafði séð strút í dýragarði í sumarfríinu, og spurði hvort hægt væri að setja upp mynd af honum við stafinn s. „Þau eru ennþá að pæla í þessu“ sagði deildarstjóri. Á annarri deild vildi barn bæta flamingo fugli við á fuglavegginn. Á yngstu og miðdeildum sköpuðust stundum vandræði þegar allir vildu sitja við sinn staf ef fleiri en einn áttu þann staf. „Það er bara eitthvað sem við þurfum að finna út úr“, sagði deildarstjóri. Deildarstjórar og stjórnendur eru sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð í leikskólanum hafi aukist til muna, starfsfólk er meira vakandi fyrir að hlusta á börnin og grípa hugmyndir þeirra: „Börnin hafa tölувert meira um hlutina að segja en áður og meira val, eins og t.d. í útskriftinni sinni, þá réðu þau alfarið hvað lög yrðu sungin, í hvað röð, hver ætti að kynna og hvernig við ættum að hafa þetta stórum dráttum.“ Starfsmenn sögðu að verkefnin væru orðin umfangsmeiri en áður og börnin hefðu meira um þau að segja. Á elstu deildum sögu starfsmenn að áhugi og skilningur á mikilvægi þess að gefa börnunum tækifæri til að tileinka sér læsi hefði aukist mikið. Bókstafir og tölustafir eru nú sýnilegir á öllum deildum og börnin fá tækifæri til að leika sér og vinna með stafina í útinámi og inni á deildum.

Hver og ein deild lagði mat á sína vinnu út frá þeim áætlunum sem settar voru í upphafi. Gerð var tilraun með að setja sér markmið, t.d. setti önnur eldri deildin sér það markmið að börnin kynnu alla stafina þegar þau yfirgæfu leikskólann. Þekking barnanna á bókstöfum var könnuð að hausti og aftur að vori, að sögn deildarstjóra: „Við skráðum stafakunnáttu barnanna að hausti og vori með því að hvert barn fékk blað með öllum stöfunum, bæði stóru og litlu stöfunum. Merkti svo x við þá stafi sem þau þekktu. Allan veturinn vorum við að leika okkur með stafina, t.d. að skrifa þá, lesa bækur og finna orð sem byrja á tilteknum staf.“



Fjöldi stafa sem nemendur þekkja. Græni liturinn sýnir niðurstöður könnunar að hausti, blái liturinn könnun að vori.

Deildarstjóri á annarri elstu deildinni sagði að áfram yrði unni á sömu braut: „Við leggjum áfram áherslu á að vinna með stafina með börnunum sem eru ekki búin að ná þeim öllum þannig að þau séu búin að ná þeim öllum eða flestum stöfunum þegar þau hætta hjá okkur í ágúst.“ Þekking barnanna á hugtökum sem tengdust

þróunarverkefninu var könnuð á eldri deildum og sýndu þær kannanir miklar framfarir hjá börnunum.

Deildirnar fóru ýmsar leiðir við úrvinnslu barnanna úr útináminu. Allar deildir unnu eitt sameiginlegt verkefni með hópnum. Flestar deildir unnu með könnunaraðferðina við úrvinnslu eða undirbúning, ein deild valdi sögugerð og allar deildir unnu mat með börnunum. Deildarstjórar voru ánægðir með að hver og einn hafði val um hvernig verkefnið var útfært þó allir stefndu að sama markmiði. Í umræðum um könnunaraðferðina sagði einn deildarstjórinn: „Við notuðum könnunaraðferðina í fuglaþemanu og það tókst mjög vel. Börnin eru enn að bæta við fuglaspjaldið sem við erum búin að vera vinna við, bæði að koma með hugmyndir af fuglaheitum og líma á það fjaðrir sem þau finna í náttúrunni.“

Furuskógor tók þátt í sameiginlegu verkefni leikskóla í Reykjavík veturninn 2015 sem nefndist *Hverfisfuglinn*. Að mati starfsmanna tókst þetta verkefni vel og samræmdist vel áherslum í þróunarverkefninu: „Skemmtilegt var að sjá hvernig verkefnið um hverfisfuglinn blandaðist við annað skipulag með náttúru- og fuglastarf.“

Starfsfólk leikskólans telur að þróunarverkefnið hafi haldið starfsfólkini vel við efnið, m.a. vegna verkáætlunarinnar sem gerð var í upphafi. Ekki náðu allar deildir að nýta skráningarlistann Einn leikskóli – mörg tungumál og er það sá þáttur í áætlun verkefnisins sem síst hefur gengið eftir. Þetta er verkefni sem leikskólinn þarf að vinna betur með í framtíðinni.



Útinám er skemmtilegt - vetur, sumar, vor og haust

8. Greinargerð um notkun styrkfjára

Leikskólinn fékk úthlutað 600 þús. kr. til þróunarverkefnisins og var styrkurinn nýttur í laun verkefnisstjóra, fræðslu fyrir starfsfólk, prófarkalestur og frágang skýrslu.

9. Kynning



Leikskólastjóri kynnti þróunarverkefnið á Stóra leikskóladeginum í Tjarnarbíó vorið 2015.

Skýrsla um verkefnið verður kynnt fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi haustið 2015.

Skýrslan verður gerð aðgengileg á heimasíðu leikskólans.

10. Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. 2011. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
Lesið í leik. 2013. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið.

Jordet, Arne N. 2003. *Nærmiljøet som klasserom: Norske erfaringer med uteskole*. Vefslóð. <http://www.natursekken.no/artikel/vis.html?tid=1113228>. Sótt á vef 1. ágúst 2015.

The Project Approach. Vefslóð. <http://projectapproach.org>. Sótt á vef 1. ágúst 2015.

Skólanámskrá Furuskógar – í vinnslu.